

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 97/2000**

**frá 27. október 2000**

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 43/2000 frá 19. maí 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST)<sup>(2)</sup>, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32a (tilskipun ráðsins 1999/70/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32b. **399 L 0063:** Tilskipun ráðsins 1999/63/EB frá 21. júní 1999 um samning um skipulag á vinnutíma sjómanna á kaupskipum milli Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samtaka félaga flutningaverkamanna í Evrópusambandinu (FST) (Stjtið. EB L 167, 2.7.1999, bls. 33), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 147, 13.7.2000, bls. 54 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 167, 2.7.2000, bls. 33.

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/63/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 244, 16.9.1999, bls. 64, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*E. Gerner*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.